

## Séríslenskur rostungsstofn sem hvarf við landnám

Hópur vísindamanna frá Íslandi, Danmörku og Hollandi hefur í fyrsta skipti staðfest með erfðarannsóknum og aldursgreiningum á beinaleifum rostunga að á Íslandi lifði sérstakur íslenskur rostungsstofn sem varð útdauður um landnám fyrir um 1100 árum. veiðar á rostungum og verslun með afurðir þeirra, sköggultennur, húðir og lýsi, eru líklegir orsakavaldar að útrýmingu dýranna. Aðrir þættir, einkum hlýnandi loftslag og eldgos, gætu hafa ýtt undir eyðingu tegundarinnar á Íslandi. Þessar niðurstöður eru meðal fyrstu hugsanlegra dæma um ofnýtingu á sjávarlífverum.



*Beinaleifar rostunga hafa fundist aðallega á Suðvesturland, Vesturlandi og Vestfjörðum. Einn algengasti fundarstaðurinn er á sunnanverðu Snæfellsnesi. Þar skolest stundum bein, tennur og hausar á land eftir þungt brimrót. Einnig hafa beinaleifar fundist í húsagrunnum, við fornleifauppgröft og hafnargerð. Ljósmynd: H.J. Malmquist.*

Tilvist rostunga á Íslandi á forsögulegum tíma og hvarf þeirra um og upp úr landnámi, hefur löngum valdið fræðimönnum heilabrotum. Hve mikið var um rostunga hér við landnám? Var um sér íslenskan stofn að ræða? Af hverju fer fáum sögum af rostungum við landið fljótlega eftir landnám? Í rannsókn sem Náttúruminjasafn Íslands átti frumkvæði að hefur alþjóðlegur hópur vísindamanna nú birt niðurstöður í tímaritinu *Molecular Biology and Evolution* þar sem ráðgátan um rostungana er leyst.

Samanburður á erfðaeftni hvatbera í beinaleifunum frá Íslandi við DNA raðir úr núlifandi rostungum og gömlum beinaleifum frá öðrum svæðum í Norður-Atlantshafi, sýnir að rostungarnir á Íslandi mynduðu sérstakan erfðafræðilegan stofn. Greining á aldri beinanna með geislakoli sýndu enn fremur að íslenski rostungsstofninn var hér allt frá því fyrir um 7000 árum f.Kr. fram til 1200 árum e.Kr., en flest sýnanna voru frá því fyrir landnám. Í rannsókninni er jafnframt fjallað um fundarstaði beinaleifa á Íslandi, alls um 230 talsins, og spáð í rostungsörnefni og sagnir af rostungum í fornritum og hvernig þessir þættir tengjast.

### **Nánari upplýsingar um rannsóknina veita:**

Hilmar J. Malmquist, líffræðingur og forstöðumaður Náttúruvísindasafns Íslands, Brynjólfsgötu 5, 107 Reykjavík, 893 0620, 577 1801, [hjm@nmsi.is](mailto:hjm@nmsi.is)

Snæbjörn Pálsson, prófessor í stofnlíffræði, Háskóli Íslands, 696 9886, [snabj@hi.is](mailto:snabj@hi.is)

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur, Fornleifafræðistofan, Ægisgötu 10, 101 Reykjavík, 551 1395, 821 1395, [bjarni@fornstofan.is](mailto:bjarni@fornstofan.is)

Ævar Petersen, líffræðingur, Brautarland 2, 108 Reykjavík, 553 6660 og 861 2005, [aevar@nett.is](mailto:aevar@nett.is)

Greinin nefnist: *Disappearance of Icelandic walrus concluded with Norse settlement.*

Höfundar: Xénia Keighley, Snæbjörn Pálsson, Bjarni F. Einarsson, Ævar Petersen, Meritxell Fernández-Coll, Peter Jordan, Morten Tange Olsen & Hilmar J. Malmquist.